

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

17. nóv. 2011  
10.5.4

Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. nóvember 2011  
Tilvísun: UST20111100111/bs

## Lagning ljósleiðarasæstrengs um Grindavíkurdjúp og Selvogsgrunn að Mölvík - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða lagningu sæstrengs frá Rockallsvæðinu vestan Írlands til Íslands. Á djúpsævi verður strengurinn lagður á hafsbotninn. Á grunnsævi verður strengurinn grafinn niður í botninn.

Á landtökustað í Mölvík verður strengurinn grafinn frá ströndinni. Ofan fjörunnar er kambur úr hnullungagrjóti. Strengurinn verður dreginn í rör sem grafið verður í kambinn. Ofan kambsins verður strengurinn grafinn niður á um 100 m kafla að brunnhúsi. Þaðan verður strengurinn lagður í skurð um 100 m leið að landtökustöð.

Umhverfisstofnun álitur að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á lífríki hafsins. Á landi munu áhrif strenglagnarinnar ráðast af verklagi við lagningu og frágang. Með vönduðum vinnubrögðum ættu sýnileg áhrif að framkvæmd lokinni að verða lítil.


Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er við svæði nr. 106 á náttúruminjaskrá, Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúruverndargildi svæðisins.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Þó telur stofnunin að draga mætti enn frekar úr áhrifum framkvæmdarinnar með því að færa landtökusvæði á svæði sem þegar hefur verið raskað í stað þess að taka óraskað svæði undir framkvæmdina.

Samþykki Umhverfisstofnunar þarf fyrir lagningu sæstrengja samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri